

Táلكnafjarðarhreppur
Óskar Örn Gunnarsson
Miðtúni 1
460 Táلكnafirði

Reykjavík, 21. september 2023
UST202308-119/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Iðnaðarsvæði í landi Gil- og Eysteinseyrar Táلكnafirði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Táلكnafjarðarhrepps er barst 16. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði I2 á Gileyri.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn dags. 21. október sl. til Skipulagsstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.¹

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að framleiðslugeta seiðaeldisstöðvar Gileyri í Táلكnafirði er aukin úr 200 tonna framleiðslu í 1000 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Auk þess kemur fram að núverandi eldisrými stöðvarinnar er 3.600 m³ og áætlað er að það verði 19.600 m³. Fyrir eru 24 ker á lóðinni og ætlunin er að reisa eitt hús sem mun hýsa 16 ker.

Aðgengi

Þar sem lóð Bæjarvíkur nær alveg niður í fjöru eins og fram hefur komið bendir Umhverfisstofnun á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram um skipulag við vötn, ár og sjó í gr. 5.3.2.14: „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé aðgengi almennings sé tryggt meðfram ströndinni.

¹

<https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn%20UST%20um%20MSF%20-%20st%c3%a6kkun%20sei%c3%b0aleldisst%c3%b6%c3%b0var%20c3%a1%20Gileyri.pdf>

Girðingar

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að girðingar hindri ekki umferð gangandi manna. Í 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er fjallað um girðingar og þar segir: „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.“

Vatnstaka

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um hversu mikið vatn á að nota í stöðinni.

Samkvæmt því sem fram kemur í umhverfismatsskýrslunni verða ekki gerðar neinar breytingar varðandi vatnstöku en endurnýting á vatni verður aukin. Á svæðinu eru fjórar borholur sem gefa að meðaltali 30-120 l/s auk þess sem vatnstaka er úr Gilsá sem rennur um lóðina. Vatnstakan er að meðaltali 298 l/s og verður áfram sú sama. Umhverfisstofnun bendir á að nýting grunnvatns yfir 70 l/s er háð leyfi Orkustofnunar.

Vatn

Umhverfisstofnun bendir á að í viðmiðum í töflu er vísað í drög að vatnaáætlun 2022- 2027. Stofnunin bendir á að vatnaáætlunin tók gildi í apríl 2022 og eru því ekki lengur drög.

Áætlað er að fimmfalda framleiðslumagn stöðvarinnar. Með því að setja upp tromlusúr telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að framleiðsluaukningin komi til með að hafa aukin neikvæð áhrif á viðtaka. Stofnunin bendir á að starfsemin losar í viðtakann Tálknafjörð sem hefur vatnshlotanúmerið 101-1279-C. Í starfsleyfi verður gerð krafa um að rekstraraðili vakti helstu umhverfisþætti í nágrenni eldisstöðvarinnar og útrásar frárennslis í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Umhverfisstofnun bendir á að skv. reglugerð 535/2011 skulu vatnshlot vera í að minnsta kosti góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Stofnunin bendir á skýrslu² um vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun strandsjávar á Íslandi út frá líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum sem kom út árið 2022. Ef ástand vatnshlota samræmist ekki umhverfismarkmiðum skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laganna segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

² <https://www.hafogvatn.is/static/research/files/hv2022-39.pdf>

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um úrgangsmeðhöndlun í tillögnum. Ef nota á fastefni sem áburðarefni skal leita samþykkis Matvælastofnunar. Notkun dauðfisks/meltu er einnig háð samþykki Matvælastofnunar, sem lögbærs stjórnvalds með þeim ákvæðum reglugerðar um aukaafurðir dýra sem eiga við í þessu tilviki, sbr. 2. þátt reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að finna fastefninu góðan farveg og að allur lífbrjótanlegur úrgangur verði endurnýttur eins og kostur er. Stofnunin bendir á stefnu stjórnvalda, í átt að hringrásarhagkerfi, sem kom út í júní 2021 en samkvæmt henni er stefnt að því að hætta alfarið urðun lífbrjótanlegs úrgangs. Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna úr frárennsli.³

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fráveitulögnin sé sýnd á uppdrætti og hún sé innan deiliskipulags.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur

³ https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%c3%b0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlun_2020.pdf